

Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2011 Aspose Pty Ltd.

Erindisbréf

fyrir vinnuhóp um Gamla skóla og Friðlandsstofu.

Vinnuhópurinn er skipaður í framhaldi af ákvörðun byggðaráðs um að finna Gamla skóla hlutverk fyrir 1. mars 2021. Hugmynd um Byggðasafn og Friðlandsstofu, anddyri Friðlands Svarfdæla hefur hlotið styrk úr C.01., sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða, samvinnuverkefni með SSNE. Úthlutun er 35 miljónir alls, 10 árið 2021, 15 árið 2022 og 10 árið 2023. Fyrir liggja gögn sem fylgdu með umsókn í sjóðinn, fjárhagsáætlun og útfærsla á hugmyndinni. Vinnuheiti verkefnisins er FAFS.

Tilgangur:

- Að fá raunhæft mat á ástand húsnæðisins Gamli skóli og hvort húsnæðið sé endurbætanlegt og henti til verkefnisins FAFS
- Að meta elsta hluta hússins m.t.t. nýtingu, sölu eða niðurrifs.
- Að fara yfir umsóknargögn og meta raunhæfni verkefnisins FAFS
- Að tryggja eignaryfirfærslu húsnæðisins frá ríki á grundvelli samfélagsverkefnis.
- Að leggja mat á kostnað Dalvíkurbyggðar að loknum framkvæmdum, þ.e. rekstrarkostnað FAFS, en markmiðið er að Dalvíkurbyggð sitji ekki uppi með meiri langtímakostnað af málafloknum en sem nemur hækkun húsaleigu eignasjóðs vegna endurbyggingarinnar.

Gangi ofangreindir punktar eftir er áframhaldandi tilgangur vinnuhópsins:

- Að taka út rýmið og skipuleggja með tilliti til þess að það rúmi verkefni FAFS
- Að kostnaðarmeta framkvæmdir og verkefnið í heild
- Að leita frekari styrkja til að mæta kostnaði við FAFS
- Að ræða við UST og Umhverfissráðuneytið um aðkomu að verkefninu til lengri tíma, meðal annars með tilliti til flutnings starfa.

Vinnuhópurinn skipa:

- Katrín Sigurjónsdóttir, fulltrúi B-lista.
- Rúna Kristín Sigurðardóttir, fulltrúi D-lista.
- Kristján Hjartarson, fulltrúi J-lista.

Vinnuhópurinn mun eiga samráð við starfsmenn sveitarfélagsins, funda með og kalla eftir upplýsingum frá þeim eins og þurfa þykir (sviðsstjórar fagsviða, deildarstjóri EF-deildar, forstöðumaður safna).

Vinnuhópurinn kynnir reglulega vinnu sína fyrir byggðaráðs sem er jafnframt stjórn Eignasjóðs. Byggðaráð tekur tillögur vinnuhópsins til umfjöllunar og afgreiðslu.

Laun greiddist af deild 21030.

Áætluð skil:

Vinnuhópurinn starfar á meðan verkefnið FAFS stendur yfir, til ársins 2023 þar til því verður formlega lokið eða fyrr ef því verður formlega slitið.

Samþykkt í byggðaráði 17.12.2020

Samþykkt í sveitarstjórn 19.01.2021